



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Fasteignagjöld árið 2017

Meðfylgjandi er álagningarseðill fasteignagjalda fyrir árið 2017.

Gjald dagar eru níu á árinu: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október.

Ef ekki er greitt fyrir eindaga, sem er í lok mánaðar, reiknast dráttarvextir.

Gjöld eru lögð á fasteignir og lóðir samkvæmt eftirfarandi álagningarreglum og stuðlum:

Gjald	Íbúðir	Aðrar eignir
Fasteignaskattur	0,50%	1,32%/1,65%
Lóðarleiga	3,75%	3,75%
Vatnsgjald	0,45%	0,50%
Fráveitugjald	0,40%	0,40%
Sorpgjald	57.800 kr.	sjá gjaldskrá

- **Fasteignaskattur, vatnsgjald og fráveitugjald** eru reiknuð út frá fasteignamati húss og fasteignamati lóðar.
- **Lóðarleiga** er reiknuð út frá fasteignamati lóðar.
- **Sorpgjald** 57.800 kr. er lagt á íbúðarhúsnæði og skiptist gjaldið í 19.600 kr. fyrir sorphirðu, 30.950 kr. fyrir sorpeyðingu og 7.250 kr. fyrir blátunnu.
- **Sorpeyðingargjald** 30.950 kr. er lagt á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu. 49.450 kr. er lagt á lögbýli.

Klippikort. Hver íbúðareigandi fær afhent klippikort á bæjarskrifstofunum fyrir 4 m³ af sorpi til eyðingar á sorpmóttökustöðvum á Patreksfirði og á Bíldudal. Sjá nánar á heimasíðunni www.vesturbyggd.is.

Greiðsluseðlar eru ekki sendir út í pósti en birtast í heimabanka.

Elli- og örorkulífeyrisþegum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn að hámarki 95.000 kr. er tekjutengdur.

Kærufrestur álagningar fasteignagjalda er til 28. febrúar 2017.

Vinsamlegast hafið samband við bæjarskrifstofurnar í síma 450 2300 ef óskað er frekari upplýsinga.

Vesturbyggð, 1. febrúar 2017.
Bæjarstjórn.